

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
Landbúnaðarstofnun
Austurvegi 10

Tilvísun vor: 12.16
Dags.: 22.06.2006

800 SELFOSSI

Efni: Finnskur hrossaskítur í Kárahnjúkasprungur

Í rafpósti, dags. 18. júní sl., er óskað svara við fyrirspurnum, sem Sigurður Sigurðsson, dýralæknir fékk frá Guðmundi Páli Ólafssyni, náttúrufræðingi, en honum hefur borist til eyrna “að finnskur hrossaskítur hafi verið fluttur inn í miklum mæli til að nota sem þéttingarefni í jarðvegssprungur í Kárahnjúkavirkjun”. Guðmundur Páll bætir því við að hann “geri ráð fyrir að skíturinn sé þá hluti af efnasamsetningu “galdralímsins” sem þetta á berggrunninn undir stíflunni”. Síðan segir Guðmundur Páll orðrétt: “Eins fáránlegt og þetta hljómar þá mun hrossaskítur vera notaður í þessum tilgangi þó svo að ég hafi ekki handbæra sönnun við hendina. Annað efni sem notað er án þess að ég viti hvaða efni er um að ræða er svokallaður “rottuskítur” en það mun vera gælunafn yfir olúbaserað þéttiefni sem notað er í jarðhitaframkvæmdum – og er alls ekki rottuskítur. Vel má vera að um sama efni sé að ræða en –fræðingar sem til þekkja hafa fullyrt í mín eyru að finnskur hrossaskítur hafi verið fluttur inn í verulegum mæli.”

Fyrirspurn Guðmundar Páls er svohljóðandi:

- “1. Er embættinu kunnugt um innflutning á finnskum hrossaskít?”
2. Hefur innflutningur á finnskum hrossaskít, eða afleiddum efnasamböndum þar sem finnskur hrossaskítur kemur við sögu, verið leyfður?”
3. Er mögulegt að slíkur innflutningur fari fram án vitneskju og leyfis yfirdýralæknis?”
4. Er ástæða til að kanna fregn sem enginn þorir að staðfesta vegna ótta við stöðumissi?”

Undirrituðum hefur að undanförmu borist margvíslegar og furðulegar spurningar varðandi Kárahnjúkavirkjun og jafnan reynt að svara þeim eftir bestu getu. Leitað var til verkfræðinga Landsvirkjunar og hafa þeir haft samband við verktaka á staðnum. Enginn kannast við að hrossaskítur, sem oftast er kallaður hrossatað hér á landi, sé notaður til að þetta sprungur undir stíflum. Benda menn á að stöðugleiki efnisins, þegar það blandast vatni, geti varla verið mikill og skipti þá varla máli hvort hrossataðið sé finnskt eða íslenskt. Reyndar eru þéttiefni fyrir stíflugrunna jarðefni og sement, sem stundum er blandað kemískum efnum til að auka seigju og flýta fyrir því að efni harðni.

Þessi fyrirspurn Guðmundar Páls hefur orðið til þess að menn hafa lagst í rannsóknir til að kanna hvernig svona sögur fara á flot. Töldu sumir að einhver væri að hrekkja grunlausan náttúrufræðinginn. Við frekari skoðun kom í ljós að hugsanlega mætti rekja upphafið til þess að

hér á landi hafa menn með góðum árangri skolað sagi og hefilspæni niður í sprungur, sem erfitt er að þetta og síðan þétt á eftir á hefðbundinn hátt. Þegar þetta var reynt við Desjarárstíflu síðasta sumar kom í ljós að hagkvæmast var að kaupa innflutta þurrkaða spæni í pappapokum en fóðurfyrirtæki flytja talsvert inn af slíku efni til nota í hesthúsum og hæsnabúum þar sem það er lagt á gólf skepnunum til hæginda. Verktakinn Suðurverk keypti einn gám af slíku efni sem MR búðin seldi sem rykhreinsaða **hrossaspæni** og kom efnið frá **Litháen**.

Hefilspænirnir reyndust full grófir til sprunguþéttingar og því var minna notað af efninu en ætlað hafði verið. Til að geta skilað gámnum aftur brá verktaki á það ráð nú í vor að selja mestan hluta spónanna sem eftir voru hrossabónda í Fljótsdal. Sé þetta rétt skýring á tilurð málsins og ástæðunni fyrir þessum fyrirspurnum er þetta ljóslifandi dæmi um það, sem getur gerst þegar sagan gengur frá manni til manns og hver og einn leggur sinn skerf til hennar. Litháen verður að Finnlandi og spænir breytast í skít. Frægust slíkra sagna er kannske sagan um fjöðrina, sem varð að fimm hænum. Svona sögur eru algengar þegar Kárahnjúkavirkjun á í hlut. Ekki er víst að nokkur þori að staðfesta þessa tilgátu, en vonandi leiðir það ekki til stöðumissis eins né neins.

Með bestu kveðjum

Friðrik Sophusson
forstjóri